

Nanna Briem

# Um siðblindu

*Vægðarlaust ryður hann sér braut gegnum lífið og skilur eftir sig slóð af brostnum hjörtum, væntingum og tónum veskjum. Hann svífst einskis í eigin þágu, enda samviskulaus og ófær um að setja sig í spor annarra. Reglur mannlegra samskipta og samfélagsins eru fótum troðnar án minnstu sektarkenndar eða eftirsjár.*

Svona hljómar lýsing sálfræðingsins Robert Hare á siðblindum einstaklingi, en hann hefur varið stórum hluta starfsævinnar í rannsóknir á siðblindu (1). Öll höfum við mismunandi skapgerðareinkenni sem ráða því hvernig við upplifum umheiminn og hegðum okkur. Kallast þetta persónuleikinn. Við getum verið einræn eða mannblendin, bráðlát eða jafnlynd, tilfinningarík, harðlynd, smámunasöm eða dreymin. Þegar persónuleikaeinkennin eru farin að víkja verulega frá almennum umgengnisreglum samfélagsins, farin að trufla annað fólk og trufla aðlögun viðkomandi að umhverfinu er talað um persónuleikaröskun (2). Siðblinda er ein tegund persónuleikaröskunar.

*Með dáleiðandi persónutöfrum dregur hann fórnarlömb sín á talar en undir niðri er kaldlyndur svikahrappur, sem ráðskast með fólk á lævísan hátt og tekur ekkert tillit til tilfinninga annarra. Hann er ófær um eðlilegt tilfinningalegt samband við aðra manneskju. Þegar það hentar þykist hann vilja breyta sér eða bæta, en í raun er það lítið annað en leikaraskapur.*

Siðblinda er alvarlegasta persónuleikaröskunin, með 0,5–1% tíðni í samfélaginu (2,3) sem þýðir að fjöldinn á Íslandi er á bilinu 1500–3000 manns. Siðblinda er ekki það sama og andfélagsleg persónuleikaröskun, sem fyrirfinnst í greiningar-

GEDVERND

kerfum geðlæknisfræðinnar, bæði ICD-10 sem er evrópska (WHO) kerfið og DSM-IV sem er það bandaríska. Andfélagsleg persónuleikaröskun er þó mun víðari skilgreining, enda eru samkvæmt erlendum rannsóknnum allt að 80% fanga með andfélagslega persónuleikaröskun, en siðblindir fangar eru aðeins 20% (4). Siðblindugreiningin hefur mun betra forspárgildi um meðferðarárangur (5), líkur á endurtekningu glæpa og ofbeldisfullri hegðun (6). Líkur á endurtekningu afbrots eru tvöfalt meiri meðal siðblindra en annarra afbrotamanna, og líkur á endurtekningu á ofbeldisfullum glæp eru fjórfaldar miðað við aðra afbrotamenn (6). Rúmlega 80% siðblindra kynferðisafbrotamanna höfðu framið nýjan ofbeldisfullan glæp innan 6 ára eftir að hafa afplánað dóm, miðað við 20% dæmdra kynferðisafbrotamanna sem ekki voru siðblindir (7). Siðblindugreiningin er því hagnýt greining og Robert Hare hefur lengi barist fyrir því að hún verði sérstök greining innan greiningarkerfa geðlæknisfræðinnar.

*Sá siðblindi er rótlaus og lífið einkennist af hvatvísi og spennufíkn, enda leiðist honum fljótt ef ekkert er um að vera. Hann þekkir muninn á réttu og röngu og er meðvitaður um afleiðingar gjörða sinna, en tekur enga ábyrgð á þeim.*

Robert Hare er höfundur “the psychopathy check list” eða PCL, sem er tæki notað til að greina siðblindu (2). Það byggir á 20 einkennum sem eru dæmigerð fyrir siðblinda einstaklinga, helmingur einkennanna eru svokölluð kjarnaekenni siðblindu og hafa með tilfinningalíf og samskipti við aðra að gera. Hinn helmingurinn lýsir lífsstíl og andfélagslegri hegðun (sjá töflu 1).

Fyrir hvert einkenni er gefið 0-1-2 stig; 0 ef einkennið er ekki til staðar, 2 ef það er afgerandi

**Tafla 1** – 20 einkenni í PCL

Samskipti og tilfinningalíf	Lífsstíll og andfélagsleg hegðun
<ul style="list-style-type: none"> <li>• Tungulipurð/yfirborðskenndir persónutöfrar</li> <li>• Stórmennskuhugmyndir um eigið ágæti</li> <li>• Lygalaupur</li> <li>• Slóttugur, falskur, hagræðir, falsar</li> <li>• Skortur á eftirsjá, sektarkennd</li> <li>• Yfirborðskennt tilfinningalíf</li> <li>• Kaldlyndur/skortur á samhygð (empathy)</li> <li>• Tekur ekki ábyrgð á eigin hegðun (kennir öðrum um)</li> <li>• Lauslæti</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Spennufíkill/leiðist auðveldlega</li> <li>• Sníkjudýr (parasitic lifestyle)</li> <li>• Skortur á raunsæjum langtímamarkmiðum</li> <li>• Hvatvísi</li> <li>• Ábyrgðarleysi</li> <li>• Mörg skammtíma sambönd</li> <li>• Léleg sjálfstjórn</li> <li>• Afbrot á unglingsárum</li> <li>• Hegðunarvandamál í æsku</li> <li>• Brot á skilorði</li> <li>• Fjölskrúðugur afbrotaferill</li> </ul>

til staðar og 1 ef það er einungis til staðar að hluta til. Til verður þá litróf frá 0 til 40, þar sem mest siðblindu einstaklingarnir eru með 40 stig, venjulegir þjóðfélagsþegnar með undir 5 stigum, og næst 0 stigum líklega ekki aðrir en helgustu dýrlingar. Til að fá siðblindugreiningu þarf 30 stig (25 stig sums staðar, t.d. á Norðurlöndunum). Meðal stigafjöldi karlkyns- og kvenkyns glæpamanna eru 22 og 19 stig. Einstaklingur með stig á bilinu 10-19 er með væga siðblindu, ef stigafjöldinn er á bilinu 20-29 eru siðblindueinkennin töluverð án þess þó að uppfylla greiningarskilmerkin. Einstaklingar geta verið hvatvísir, eigingjarnir eða óábyrgir og erfðir í samskiptum, en það eitt og sér gerir þá ekki siðblinda. Það er fjöldi einkenna og styrkur þeirra sem skiptir máli til að fá greininguna. Til að nota greiningartækið þarf sérfræðimenntun og sérstaka þjálfun í notkun tækisins. PCL er notað til að meta siðblindu í klínískum- eða lagalegum tilgangi og við rannsóknir. Það er notað víða um heim meðal annars í fangelsum við gerð áhættumats á endurtekningu ofbeldis og þykir gott og áreiðanlegt mælitæki (8).

*Mest áberandi eiginleikar siðblindra geta verið persónutöfrar og sjálföryggi sem eru frekar jákvæðir eiginleikar. Fólk fellur oft fyrir siðblindum við fyrstu kynni, en áttar sig fyrst seinna á dökkuum hliðum persónuleikans.*

Óhugnanlegustu birtingarform siðblindu eru samviskulausir morðingjar eins og Bandaríkjamadurinn Ted Bundy sem myrkti fleiri en 30 konur á 8. áratug síðustu aldar eða Diane Downs sem myrkti börnin sín til að ganga í augun á manni sem ekki vildi börn. Glæpir þessara einstaklinga eiga rætur sínar í kaldlyndum og útsmognum huga þar sem

skortur á samhygð er algjör. Þeir eru ófærir um að meðhöndla annað fólk sem hugsandi tilfinningaverur. Þetta eru ekki ástríðuglæpir framdir í hita leiksins. Þetta eru kaldrifjuð morð og oftast tilviljanakennd fórnarlömb. Þótt erfitt sé að skilja að slík ódæði komi ekki úr sjúkum huga þá er það svo að þessir einstaklingar eru hvorki geðlæknisfræðilega né lagalega geðveikir (2). Þessir einstaklingar bæði heilla okkur og hræða, enda þreytist skemmtanaíðnaðurinn ekki á því að sýna okkur siðblinda hrotta á borð við Hannibal the Cannibal og The Joker. En aðeins lítil hluti siðblindra endar sem raðmorðingjar. Vissulega lenda margir þeirra upp á kant við lögin og bak við lás og slá, en stór hluti sér aldrei innviði fangelsis. Þeir lifa í samfélaginu án þess tæknilega að brjóta lögin, eða að minnsta kosti án þess að upp um þá komist og virðast því á yfirborðinu sem venjulegir þjóðfélagsþegnar. Þeir eru þó alveg jafn siðblindir og hinir, en vegna þátta eins og greindar, fjölskyldubakgrunns og félagslegra hæfileika lítur framhliðin "eðlilega" út. En þetta eru ekki hlýir og ástríkir ástvinir, né tryggir vinir og samstarfsaðilar. Þetta eru einstaklingar sem valda öðrum miklum þjáningum bæði tilfinningalega og fjárhagslega. Þeir lifa eins og sníkjudýr, leggjast upp á fólk og mergsjúga það, notfæra sér gjafmildi eða trúgirnir þess og misnota traust og stuðning fjölskyldu og vina (2). Robert Hare hefur skrifað bókina *Without conscience*, í þeim tilgangi að fræða fólk um siðblindu og hvar siðblindu er að finna (2).

Siðblindir finnast alls staðar í samfélaginu, í öllum stéttum og störfum, ekki bara innan fangelsismúranna. Robert Hare og sálfræðingurinn Paul Babiak, skoðuðu náíð 200 efnilega stjórnendur fyrirtækja og komust að því að af þeim uppfylltu 3,5% greiningarskilmerkin fyrir



siðblindu. Þessar tíðnitölur eru hærrí en í almennu þýði (0,5-1%) og þýða í raun að það eru þrisvar sinnum meiri líkur á að finna siðblindan einstakling í stjórnunarstöðu fyrirtækis en í almennu þýði (9). Í kjölfarið rituðu þeir bókina *Snakes in suits*; um siðblinda á vinnustöðum. Það kann að hljóma undarlega að siðblindir séu ráðnir til starfa í fyrirtækjum hvað þá að þeir haldi störfum þar til lengri tíma. Áður fyrr var talið að persónueiginleikar þeirra gerðu þá vanhæfa til vinnu innan fyrirtækja, en samkvæmt rannsóknum Babiaks og Hare er raunveruleikinn annar. Fyrirnefnd rannsókn sýndi að fyrirtækin losuðu sig ekki við þá sem reyndust siðblindir, heldur unnu þeir sig áfram upp í fyrirtækjunum (9). Í bókinni koma sálfræðingarnir með nokkrar kenningar til að skýra þetta. Siðblindir geta sýnt mikla persónu- töfra og blekkt og talað jafnvel reyndustu menn til með tungulipurð, lygum og blekkingum. Stundum eru einkennin tekin í misgripum fyrir stjórnunar- og leiðtogahæfileika, stundum er jafnvel meðvitað leitað eftir ákveðnum einkennum siðblindu sem talið er að geti gagnast fyrirtækinu. Ekki eru til nægilegar upplýsingar um áhrif mismunandi einkenna siðblindu á starfsgetu. Æskilegur fjöldi og alvarleiki einkenna er væntanlega meiri fyrir sumar starfsstéttir (verðbréfamíðlara, stjórn- málamenn, löggæslumenn, bílasala, málaliða og lögfræðinga) en aðrar (félagsráðgjafa, kennara, hjúkrunarfræðinga og presta). Fyrirtækin leita ef til vill að stjórnanda sem þorir að taka áhættur, er kaldlyndur í erfiðum ákvarðanatökum, lætur ekki samviskuna flækjast of mikið fyrir sér og hefur getu til að ráðskast með fólk. Hæfileikaríkur sið- blindur einstaklingur á auðvelt með að gera sér upp leiðtoga- og stjórnunarhæfileika. Einkenni siðblindu eins og stórmennskuhugmyndir, lygar og leikaraskapur, hvatvísi og spennufíkn, kald- lyndi og samviskuleysi geta villt mönnum sýn og virst vera sjálfsöryggi, sannfæringarkraftur, hugrekki, og ákveðni (9). Hafa verður í huga að siðblinda er heilkenni, öll einkennin fylgja með í kaupunum, ekki bara þau sem henta fyrirtækinu vel. Önnur einkenni persónuleikans geta skaðað fyrirtækin alvarlega, vinnumóralinn, teymisvinn- una og framleiðnina (9). Mörg persónueinkenni siðblindra hjálpa þeim síðan við framgöngu innan fyrirtækisins og þeim gengur vel þar sem ár- angur er settur ofar öllu sama hvað það kostar. Sumir fela vel dökku hliðar persónuleikans með

persónu- töfrum, lygum og stjórnkænsku. Þeir eiga auðvelt með að lesa í fólk og ná því á vald sitt, og notfæra sér það samviskulaust til að koma sér áfram. Aðrir ná sínu fram með fantabrögð- um frekar en persónu- töfrum. Þeir eru ekki eins fagaðir, heldur notast frekar við aðferðir eins og áreitni, kúgun og niðurlægingu. Þriðja gerðin er sem leikbrúðustjórnandi, sérfræðingur í að ráðs- kast með fólk úr fjarlægð með því að toga í spotta og fá aðra til að áreita og kúga undirmenn sína. Við minnstu vísbendingu um óhlýðni ráðast þeir á samherja sína og svipar þannig til einstaklinga eins og Hitlers og Stalín, sem umkringdu sig með hlýðnum stuðningsmönnum og stjórnðu gegnum þá þjóð sinni (9).

Viðskiptaheimurinn, eins og hann hefur verið undanfarin ár, er orðinn berskjaldaðri fyrir sið- blindum. Áður voru fyrirtæki með mikið skrif- stofuveldi í tilraun til að viðhalda stöðugleika, gæðum og framleiðni. Því miður gerði það fyr- irtækin líka hægfara og þunglamaleg, með mikið regluverk þar sem nýsköpun og nýjungagirnir átti erfitt uppdráttar. Á síðustu áratugum 20. ald- arinnar jókst krafan um skilvirkari fyrirtæki, sem kallaði á einfaldari uppbyggingu, færri reglur og hraðara upplýsingaflæði, allt til að auðvelda ákvarðanatöku. Breytingarnar voru nauðsynleg- ar fyrir fyrirtæki í harðri samkeppni og hraði og nýsköpun fóru að skipta öllu máli, reglur og eftirlit minna. Þessi nýju fyrirtæki voru í stöð- ugri þróun og náðu aldrei því jafnvægi eða þeim stöðugleika sem gömlu fyrirtækin höfðu. Hrátt, áhættusamt en gróðavænlegt umhverfi er einmitt það sem siðblindir sækjast eftir. Færri reglur, hraðari framganga innan fyrirtækis, hærrí laun og bónusar freista þeirra. Við þessar aðstæður fá þeir þá spennu sem þeir sækjast eftir og í skjóli skipulagsleysisins er auðveldara að fela dökku hliðar persónuleikans (9). Sem dæmi um slíkt fyrirtæki mætti nefna Enron, sem varð gjaldþrota 2001 og um 20.000 manns misstu vinnuna. Við gjaldþrotið kom í ljós gríðarlegt fjármálamisferli, sem hafði lengi falið hvernig var ástatt fyrir fyr- irtækinu og kom því loks í þrot. Fyrirtækin líta í hina áttina ef harðsvíruð og siðlaus aðgerð er arðbær, verðlauna hana jafnvel. Þeir sem auka gróða fyrirtækisins eru gerðir að stjórnnum, þó að aðferðirnar hafi verið mjög áhættusamar og jafn- vel siðlausar. Við slíkar aðstæður standa allar dyr opnar hinum siðblindu (10).

Babiak hefur bent á að það sé ólíklegt að einstaklingur sem byggir upp og stýrir farsælu fyrirtæki sé siðblindur. Fyrirtækið verða hluti af persónu einstaklingsins sem vill því frekar efla það en ræna, hann er tryggur fyrirtækinu og hefur mikilla hagsmuna þar að gæta. Sá siðblindi hefur enga tryggð við fyrirtækið, bara við sjálfan sig. Þessu síðastnefnda lýsir Andrew Fastow hjá einum stjórnanda í Enron, en hann hafði sem markmið að græða sjálfur sem mest án þess að hafa minnstu áhyggjur af fyrirtækjunum eða fólkinu (11). Flest dæmi um siðblinda í fyrirtækjum fara þó hljóðlega vegna hræðslu fórnarlambanna. Fyrirtækin hylma einnig yfir með hinum siðblindu, stundum til að vernda orðstír fyrirtækisins, en stundum vegna þess að sá siðblindi er talinn ómissandi (9).

Siðblindir einstaklingar eru sérfræðingar í svindli og prettum, þeir eru tunguliprir og töfrandi, kaldir og samviskulausir. Þeir laðast að hvítflibaglæpum enda eru slíkir glæpir arðbærir, líkur á nást litlar og refsingin smávægileg. Bankaræningi fær ef til vill háan óskilorðsbundinn dóm, en lögfræðingurinn, viðskiptafræðingurinn eða stjórnmalamaðurinn sem svíkur milljónir ef ekki meira út úr almenningi fær kannski bara sekt eða skilorðsbundinn dóm, eftir dómsmál sem einkennist af löngum töfum og óskýrum lagabrellum. Við fordæmum bankaræningjann en svikahrappurinn getur nánast haldið ótrauður áfram, er jafnvel beðinn um að ávaxta sparnaðinn okkar. Ekki skrítið að siðblindir laðist að hvítflibaglæpum (2).

Hare og Babiak halda því fram að hægt hefði verið að koma í veg fyrir Enron málið og fleiri slík ef skimað væri fyrir siðblindu þegar ráðið er í stjórnunarstöður fyrirtækja (11). Þeir hafa síðastliðin fimm ár þróað B-Scan sem er tæki til að meta hegðun, viðhorf og dómgreind framkvæmdastjóra í viðskiptalífinu og kemur út síðar á þessu ári (12, 10). Í bókinni *Snakes in suits* fara þeir yfir aðferðir til að finna siðblinda einstaklinga á vinnustöðum, með áherslu á ráðningarviðtölin. Þeir mæla með fleiri en einum reynslumiklum viðmælanda, þar sem upplýsingar um starfsferil og meðmæli eru sannreyndar og farið vel ofan í allt ósamræmi. Hare hefur bent á að í ráðningarferli margra stétta er lagt mat á persónuleikann með ýmsum mælitækjum, t.d. hjá lögreglumönnum, flugmönnum og starfsmönnum kjarnorkuvera. Miðað við það finnst honum undalegt að það sama

skuli ekki vera gert við ráðningu einstaklinga sem eiga eftir að höndla með milljarða (11).

Þar sem siðblindir einstaklingar hafa fengið að leika lausum hala er mikilvægt að hreinsa til með því að afhjúpa þá og lögsækja þar sem það á við. Siðblinda er áhugavert, en um leið mjög alvarlegt, óhugnanlegt og hættulegt fyrirbæri, og það þarf ekki sérfræðing í geðlækningum til að segja manni að siðblinda sé ekki eftirsóknarverð í fyrirtækjum, hvað þá í samfélagi manna.

Persónuleikaröskunin siðblinda hefur verið mikið rannsökuð í leit að orsök og meðferð. Viðamiklar rannsóknir á heilum siðblindra undanfarið hafa leitt ýmislegt í ljós meðal annars að starfsemi möndlungs (amygdala) og heilabarkar í augntóttarhluta ennisblaða heilans (orbitofrontal cortex) sé ábótavant (13-15). En þessar niðurstöður skýra ekki af hverju viðkomandi verður siðblindur. Ýmsar kenningar eru til um það, en líklega er um að ræða samspil líffræðilegrasálrænna- og félagslegra þátta (biopsychosocial model) (16). Lengi hefur verið litið svo á að meðferð gagnist ekki siðblindum, en svo virðist sem stoð fyrir þeirri fullyrðingu í rannsóknnum sé lítil (17, 18). Það gætir því meiri bjartsýni í dag (19, 20) og ekki er ólíklegt að í framtíðinni verði til virk meðferðarþrógrömm fyrir einstaklinga með siðblindu. Þangað til er líklega besta meðferðin öflugt réttarkerfi.

#### Heimildaskrá:

1. Hare RD. *Without Conscience*. Guildford Press 1999
2. Gylfi Ásmundsson. Persónuleikaröskun. *Gedvernd*, 1. tbl. 1999
3. Coid J, Yang M, Ullrich S, Roberts A, Hare RD. Prevalence and correlates of psychopathic traits in the household population of Great Britain. *International journal of Law and Psychiatry* 2009; 32:65-73
4. Cunningham MD, Reidy TJ. Antisocial personality disorder and psychopathy: diagnostic dilemmas in classifying patterns of antisocial behavior in sentencing evaluations. *Behavioral Sciences & the Law* 1998; 16(3):333-351
5. Alterman AI, Rutherford MJ, Cacciola JS, McKay JR, Boardman CR. Prediction of 7 months methadone maintenance treatment resonance by four measures of antisociality. *Drug and alcohol dependence* 1998; 49(3):217-223.
6. Serin RC, Amos NL. The Role of Psychopathy in the Assessment of Dangerousness. *International Journal of Law and Psychiatry* 1995; 18(2):231-238
7. Quinsey VL, Rice ME, Harris GT. Actuarial prediction of sexual recidivism. *Journal of Interpersonal Violence* 1995; 10:85-105.
8. Hare RD, Clark D, Grann M, Thornton D. Psychopathy and the predictive validity of the PCL-R: an international perspective. *Behavioral Sciences & the Law* 2000;18(5):623-645.
9. Babiak P, Hare RD. *Snakes in suits*. Collins 2007.



10. Alster N. Keeping psychopaths out of corner offices. *Investors Business Daily* 2009, 20.03.
11. Deutschman A. Is Your Boss a Psychopath. *Fast Company* 2005: 96
12. www.b-scan.com
13. Blair JR. Neurobiological basis of psychopathy. *British journal of psychiatry* 2003; 182: 5-7
14. Weber S, Habel U, Amunts K, Schneider F. Structural brain abnormalities in psychopaths – a review. *Behavioral sciences and the law* 2008; 26: 7-28
15. Glenn AL, Raine A. The neurobiology of psychopathy. *Psychiatric Clinics of North America* 2008; 31:463-475.
16. Martens WHJ. Antisocial and psychopathic personality disorders: cause, course and remission – a review article. *International journal of offender therapy and comparative criminology* 2000; 44: 406-430.
17. D'Silva K, Duggan C, McCarthy L. Does treatment really make psychopaths worse? A review of the evidence. *Journal of personality disorders* 2004; 18: 163-177
18. Skeem JL, Monahan J, Mulvey EP. Law and human behavior 2002; 577-603
19. Olver ME, Wong SCP. Therapeutic responses of psychopathic sexual offenders: Treatment attrition, therapeutic change and long-term recidivism. *Journal of consulting and clinical psychology* 2009; 77: 328-336.
20. Caldwell MF, McCormick DJ, Umstead D, von Rybroek GJ. Evidence of treatment progress and therapeutic outcomes among adolescents with psychopathic features. *Criminal justice and behavior* 2007; 34: 573-587

Nanna Briem er geðlæknir, geðsviði LSH.

## ÞÖKKUM EFTIRTÖLDUM VEITTAN STUÐNING:

Tempo innrömmun  
Varmi ehf.  
Veitingaþjónusta Lárusar Loftssonar sf.  
Vetrarsól ehf.  
Vidd ehf.  
Ýmus ehf. heildverslun  
Þakpappaþjónustan ehf.

### Garðabær

Artasan ehf.  
Auður S. Kristinsdóttir  
Bókasafn Garðabæjar  
Fag-val  
Garðabær  
Geislatækni ehf. – Laser-þjónustan  
Hagrád hf.  
Haraldur Böðvarsson & Co. ehf.  
Hársnyrtistofa Þórunnar Ingólfssdóttur  
Hurðaborg – Crawford hurðir  
Ísafoldarprentsmiðja ehf.  
Kvótabankinn ehf.  
Patrekur Jóhannesson  
Vefur ehf.  
Vistor hf.  
Yggdrasil ehf.

### Hafnarfjörður

Alexander Ólafsson ehf.  
Bátaraf  
Bergplast ehf.  
Blikksmiði ehf.  
Blómabúðin Burkni ehf.  
Bókasafn v/Flensborgarskóla

Byggingafélagið Sandfell ehf.  
Endurskoðun Gunnars Hjaltalín  
Fagfólk ehf. – Hársnyrtistofa  
Ferskfiskur ehf.  
Fiskvinnslan Útvík ehf  
Fínþússning ehf.  
Fjörukráin ehf.  
Flúrlampar hf.  
Gamla Vínhúsið – A. Hansen  
Hagstál ehf.  
Hagtak hf.  
Héðinn Schindler lyftur hf.  
Hlaðbær Colas hf.  
Hvalur hf.  
Íslensk Orkuvirkjun ehf.  
Kópavogsnesti  
Lerkiverktakar ehf  
Netorka hf.  
Orkuver ehf.  
PON Pétur O. Nikulásson ehf.  
Rafrún ehf.  
Rakarastofa Halla  
Reebok Ísland ehf  
Sigurþór Aðalsteinsson Teiknistofa  
Spennubreytar  
Stoð hf. – Stoðtækjasmíði  
Tannlækningastofa Harðar V.  
Sigmarssonar sf.  
Umboðssalan Ársel ehf.  
Varmaverk ehf.  
Verkalýðsfélagið Hlíf  
Vélsmiðja Guðmundar ehf.  
Víðir og Alda ehf.

### Keflavík

Bókasafn Reykjanesbæjar  
DMM Lausnir ehf  
Efnalaug Suðurnesja  
– BK hreinsun ehf.  
Fagtré ehf.  
Fjölbrautaskóli Suðurnesja  
Íslenska félagið ehf. / Ice group. ltd.  
Rafbrú sf.  
Ráin ehf.  
Rekstrarþjónusta G.Þ. ehf.  
Reykjanesbær  
Sálarrannsóknarfélag Suðurnesja  
Sjúkraþjálfunarstöðin Átak ehf.  
Skattskýslan sf.  
Starfsmannafélag Suðurnesja  
T.S.A. ehf.  
UPS hraðsendingar ehf.  
Útfararþjónusta Suðurnesja  
Varmamót ehf.  
Verkfræðistofa Suðurnesja ehf.  
Verslunarmannafélag Suðurnesja  
Verslunin Kóða sf.

### Keflavíkurflugvöllur

Suðurflug ehf. Bygging 787

### Grindavík

E.P. verk ehf.  
Einhamar seafood ehf.  
Flutningaþjónusta Sigga ehf.  
Söluturninn Víkurbraut  
Veidafæraþjónustan ehf.  
Veitingastofan Vör  
Vísir hf.